

40 Nafn:	Úr landi:	
27. febr. Höfði	Torfastaða	Fljótshlíðarhreppi
Litla-Strönd	Strandar	Rangárvallahreppi
Miðdalur	Stóradals	Vestur-Eyjafjallahreppi
Nes	Helluvaðs	Rangárvallahreppi
Rangá	Ægissíðu	Djúpárhreppi
Rauðuskriður	Teigs	Fljótshlíðarhreppi
Sólvellir	Odda	Rangárvallahreppi
Sunnuhlíð	Hlíðar	Austur-Eyjafjallahreppi
Yzti-Skáli IV	Yzta-Skála II	Vestur-Eyjafjallahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Árbakki	Snjallsteinshöfðahjáleiga	Landmannahreppi
Búland	Voðmúlastaða-Austur- hjáleiga	Austur-Landeyjarhreppi

20. Árnessýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Birkilundur	Stóra-Fljóts	Biskupstungnahreppi
Fagrihvammur	Hveragerðis	Hveragerðishreppi
Hagi II	Haga	Grímsneshreppi
Hólabrekka	Eyðibýlisins Hólabrekku	Laugardalshreppi
Kálfhóll II	Kálfhóls	Skeiðahreppi
Skeiðháholt II	Skeiðháhólts	Skeiðahreppi
Viðigerði	Stóra-Fljóts	Biskupstungnahreppi
Votamýri II	Votumýrar	Skeiðahreppi

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

41

27. febr.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta í Grindavík.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Grindavíkurhrepp í Gullbringusýslu, og nær til allra landróðrabáta, sem stunda veiðar með línu í Grindavíkursjó, á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí ár hvert.

2. gr.

Á tímabili því, sem ræðir um í 1. gr., má enginn landróðrabátur, sem gengur til fiskveiða með línu frá Grindavík eða hefur samband við Grindavíkurhöfn, fara í fiskiróður út fyrir línu, sem hugsast dregin 274 gráður réttvisandi frá Hópsnesvita, frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir, og er þá miðað við íslenskan meðaltíma:

Sé róíð styttra en 16 sjómíllur frá Hópsnesvita:

Í janúar	kl. 03.30
Frá 1.—15. febr.	— 02.30
— 16.—28. —	— 02.00
— 1.—15. marz	— 01.00
— 16.—31. —	— 24.00
— 1. apríl — 31. maí	— 20.00

41

27. febr.

Ef róíð er lengra en 16 sjómíllur frá Hópsnesvita:

Í janúar	kl. 01.30
Frá 1.—15. febr.	— 00.30
— 16.—28. —	— 24.00
— 1.—15. marz	— 23.00
— 16.—31. —	— 22.00
— 1. apríl — 31. maí	— 20.00

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi. Umgetin lína frá Hópsnesvita takmarkast af innri mörkum rauða ljóssins á Hópsnesvitanum, og má því enginn bátur fara út í rauða ljósið fyrr en merkið er gefið.

3. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kys 3 bátformenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki séu gefin og kæra til sýslumanns, ef þeir verða varir við að ákvæði reglugerðarinnar séu brotin.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 2000.00. Sektir renna í sveitarsjóð Grindavíkurhrepps. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. febrúar 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.